



ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

Úrskurður 2/2023

ÚRSKURÐUR

Á fundi sem haldinn var 6. júní 2023 fjallaði Úrskurðar- og aganefnd um atvik sem varðar Þorvald Loga Einarsson, en hann fékk gult spjald frá öllum fimm dómurum á íþróttamóti hestamannafélagsins Sleipnis á móti sem var haldið dagana 17 - 21 maí 2023 í B-úrslitum í tölti T1 í ungmennaflokki þar sem hann tók þátt á hestinum Hágangi frá Miðfelli 2.

Málsatvik

Í mótaskýrslu kemur fram að keppandinn Þorvaldur Logi hafi fengið gult spjald frá öllum dómurum vegna óíþróttamannslegrar framkomu.

Atvikið var til umfjöllunar á fundi nefndarinnar 6. júní í þeim tilgangi að ákvarða viðurlög vegna ofangreinds brots, samanber 8. mgr. gr. 4.3 í Reglugerð um mótahald á Íslandi, en ekki kom fram í mótaskýrslu hvaða viðurlög keppandi skyldi hljóta vegna ofangreinds brots.

Samkvæmt B) lið gr. 4.2.4 í Reglugerð um mótahald á Íslandi kemur fram að fái keppandi tvö gul spjöld eða fleiri, jafngildi það viðvörun/áminningu. Viðvörun/áminning samkvæmt reglunum getur annars vegar verið (i) viðvörun/áminning sem ekki er gerð opinber og (ii) viðvörun/áminning sem er gerð opinber.

Í skýrslu yfirdómnefndar kemur fram að allir fimm dómarar hafi gefið keppanda gult spjald fyrir óíþróttamannslegra framkomu, en í mótaskýrslu kemur fram að keppandi hafi verið ósáttur við þær einkunnir sem hann hafi hlotið fyrir hægt tölt og hraðabreytingar og hægt niður á fet, yfirdómari hafi þá átt samtal við hann til að athuga hvort ekki væri í lagi með hestinn, keppandi hafi í því samtali sýnt dómar óvirðingu og óíþróttamannslega hegðun og yfirgefið völinn.

Um skyldu keppenda til að haga sér á íþróttamannslegan hátt er fjallað um í siða- og hátternisreglum, t.d. í greinum A1.1 og A1.5, og taldi nefndin að brot þetta kynni að jafngilda aðvörun/áminningu sem ekki verði gerð opinber.

Ofangreint var tilkynnt keppandanum með tölvupósti dagsettum 31. maí 2023 og honum gefin kostur á því að koma á framfæri skriflegum mótmælum eða athugasemdum. Keppandi staðfesti móttöku póstsins en hafði ekki uppi mótmæli eða athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Niðurstaða

Dómarar mótsins gáfu keppandanum fimm gul spjöld vegna óíþróttamannslegrar framkomu á móti hestamannafélagsins Spretts sem var haldið dagana 12–14. maí 2022.

Þessa ákvörðun gat keppandi kært til yfirdómnefndar í síðasta lagi hálf tíma eftir lok viðeigandi keppnisgreinar eins og segir í grein 4.1.2 í Reglum um mótahald á Íslandi. Þar sem keppandi kærði ekki þessa ákvörðun stendur hún óbreytt.

Samkvæmt B) lið gr. 4.2.4 í Reglugerð skal keppandi sem fær tvö gul spjöld eða fleiri í keppnisgrein fá viðvörun/áminningu. Viðvörun/áminning samkvæmt reglunum getur annars



ÚRSKURÐAR- OG AGANEFND LH

vegar verið (i) viðvörun/áminning sem ekki er gerð opinber og (ii) viðvörun/áminning sem er gerð opinber.

Það er niðurstaða Úrskurðar- og aganefndar að viðurlög við broti þessu skuli vera þau að keppandinn fái viðvörun/áminningu sem ekki er gerð opinber, samanber ákvæði gr. 4.2.3 og 4.2.4 í Reglugerð um mótahald á Íslandi.

ÚRSKURÐARORÐ

Keppandinn Þorvaldur Logi Einarsson fær áminningu sem ekki er gerð opinber.

Reykjavík 6. júní 2023

Ólafur Haraldsson, formaður

María Júlía Rúnarsdóttir

Pétur Örn Sverrisson